



Fundargerð

383. fundur velferðarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12

8. janúar 2020, kl. 14:00

Viðstaddir: Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Hrafn Ásgeirsson, Jasmina Crnac, Anna Sigríður Jóhannesdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Atvinna og stuðningur við atvinnuleitendur (2019090355)

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri, Halldóra Guðrún Jónsdóttir, aðstoðarmaður bæjarstjóra, Sigríður Daníelsdóttir, forstöðumaður fjölskyldumála og Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri fjölmeningarmála sátu fundinn í þessu máli.

Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnumálastofnunar, Karl Sigurðsson, sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun og Hildur Jakóbína Gísladóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Suðurnesjum mættu á fundinn og fóru yfir stöðu og horfur á vinnumarkaði og úrræði sem í boði eru fyrir fólk í atvinnuleit.

Í nóvember 2019 var atvinnuleysi í Reykjaneshæ 9,2% og á Suðurnesjum 8,2%. Töluverð óvissa er varðandi horfur á vinnumarkaði vegna þeirrar stöðu sem er í flugrekstri.

Fundað hefur verið með atvinnurekendum á svæðinu í þeim tilgangi að auka samstarf á milli þeirra og Vinnumálastofnunar.

Boðið er upp á starfstengd námskeið fyrir fólk í atvinnuleit í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Fisktækniskóla Íslands í Grindavík og er reynt að miða þau við atvinnulífið á svæðinu. Markmiðið er að ná til sem flestra og eru haldin námskeið á íslensku, ensku og pólsku.

2. Framfærsla 2020 (2019120098)

Samkvæmt reglum Reykjaneshæjar um fjárhagsaðstoð skal velferðarráð taka ákvörðun um hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar ár hvert.

Hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar miðast við framreikning á vísitölu neysluverðs í desember ár hvert. Lagt er til, í samræmi við framreikning, að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar fari úr kr. 149.678,- í kr. 152.717,- pr. mánuð árið 2020.

Velferðarráð samþykkir hækkunina.

GR.
JCA, HFP.
JC.



3. Starfsáætlun velferðarsviðs 2020 (2019120103)

Hera Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, kynnti helstu áherslur í starfsáætlun velferðarsviðs.

4. Mælaborð og tölulegar upplýsingar (2019050519)

Hera Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, fór yfir mælaborð og tölulegar upplýsingar vegna desembermánaðar.

Fjárhagsaðstoð

Í desember 2019 fengu 118 einstaklingar greiddan framfærslustyrk frá Reykjanesbæ, alls voru greiddar kr. 17.134.428,-. Í sama mánuði 2018 fengu 86 einstaklingar greiddan framfærslustyrk.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Alls fengu 197 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins í desember, samtals kr. 2.691.602,-. Í sama mánuði 2018 fengu 149 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins.

Áfrýjunarnefnd

Í desember voru 17 mál lögð fyrir áfrýjunarnefnd. 13 erindi voru samþykkt, 3 erindum synjað og 1 erindi frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.10.

Hauddóra Frída Þorvaldsdóttir

Jasunía Guðae

Profr. Þórg.

Anna Sigurð

Gundunir
irns.